



## 502. Stjórnarfundur haldinn 8. mars 2018 kl:18:00

### Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),  
Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Sveinn Adolfsson (SA)

Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson (KG), Birgir Ingibergsson (BI) og Birgir Már Bragason (BMB)

### 1. Skipting stjórnar.

EH lagði til óbreytta skiptinu stjórnar. KG varaformaður, PMK gjaldkeri. BS ritari og BI meðstjórnandi.  
**Samþykkt.** Varmenn eru Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir og Sveinn Adolfsson.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 3. Fulltrúar knattspyrnudeildar Keflavíkur mættu á fund.

Sigurður Garðarsson formaður og Jónas Guðni Sævarsson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur voru mættir á fundinn. EH bauð þá velkomna og upplýsti að fundir aðalstjórnar væru opnir fyrir deildum fyrsta hálf tímamann og að aðalstjórn fundaði annan hvorn fimmtudag með undantekningu þó. EH gaf Sigurði orðið. Sigurður upplýsti að fjármálastaða knattspyrnudeildar væri erfið sérstaklega á þessum árstíma. Sagði frá því að þeir væru mættir á fundinn til að fara fram á frest á lánasamkomulagi við aðalstjórn um eitt ár og afhenti bréf þess efnis. Vinna er í gangi við að afla meiri tekna. Ýmsar leiðir eru skoðaðar. PMK kom inn á að hafa samband fyrir en seinna ef deildin þyrfti aðstoð frá aðalstjórn. Sigurður óskaði eftir því við aðalstjórn að pantaður yrði fundur með bæjarráði Reykjanesbæjar til að fara yfir stöðu mála knattspyrnudeildar Keflavíkur. EH tók vel í þessa ósk, og vildi að við myndum funda sem fyrst. Sigurður vill bíða með það þangað til að bæjarstjórnin sé kominn aftur til vinnu. EH sagði frá því að gott samstarf væri við Jónas Guðna framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar. EH þakkaði þeim Sigurði og Jónasi Guðna fyrir komuna. **Samþykkt var að verða við þessari beiðni þeirra og framlengja samningin um eitt ár sem þýðir frestun á greiðslum til 2019 og 2020.**

### 4. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Ingigerði Sæmundsdóttur formanni ÍRB þar sem hún óskar eftir því að fá upplýsingar um hvernig félagið muni skipta styrknum á milli deilda félagsins sem kemur frá ISAVÍA. Styrkurinn er skilyrtur við barna og unglíngastarf. **Móttakið. EH hefur sent Ingigerði tillögu að skiptingu á styrknum.**

Tölvupóstur frá Arnfríði Aðalsteinsdóttur Jafnréttisstofu þar sem óskað er eftir jafnréttisstefnu félagsins. **Móttakið.** Nokkrar umræður urðu um málið. **EH mun senda jafnréttisstefnu félagsins til hennar.**

Tölvupóstur frá Svandísi Þorsteinsdóttur formanni blakdeildar með afrit af erindi sem sent var á Helga Arnarsson forstöðumann fræðsluviðs, Hafþór Barða Birgisson íþrótt- og tólmstundafulltrúa, Hafstein Ingibergsson forstöðumann íþróttamannvirkja og Tryggva Þór Bragason umsjónarmann fasteingana Reykjanesbæjar vegna öldungamóts í blaki 2019 sem blakdeild Keflavíkur ætlar að sækja um að halda. **Móttakið. Aðalstjórn fagnar þessu framtaki blakdeildar en hér er rísa verkefni áferðinni.**

### 5. Send bréf

EH sendi undirrituð eyðublöð stjórnarmanna og þjálfara á UMFÍ vegna heimildar til uppflettingar í sakaskrá.

### 6. Aðalfundur Keflavíkur 2018

Aðalfundur Keflavíkur er var haldinn 26. febrúar. Ellert Eiríksson var fundarstjóri. Haukur Valtýsson formaður UMFÍ ásamt Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra UMFÍ mættu á fundinn. EH var sjálfkjörin sem formaður. Bjarney S. Snævarsdóttir og Þórður Magni Kjartansson voru kosin til tveggja ára. Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir og Sveinn Adolfsson voru kjörin í varastjórn. Rúnar Vífill Arnarson og Guðjón Axelsson voru heiðraðir með Gull-heiðursmerki Keflavíkur. Ástvaldur Bjarnason, Björgvin Björgvinsson og Róbert Aron Ólafs voru heiðraðir með Silfur-heiðursmerki Keflavíkur. Jón Sigurbjörn Ólafsson hlaut starfsbikarinn. Aðalstjórn lagði fram tillögu um að greitt yrði til deilda fimm milljónir af óráðstöfuð eigi fé og yrði skuldajafnað við þær deildir sem væru í skuld við aðalstjórn.





Tillagan var samþykkt.



Frh.

## **502. Stjórnarfundur haldinn 8. mars 2018 kl:18:00**

### **7. Umhverfisdagur Keflavíkur 2018**

Ákveðið að vera með umhverfisdag Keflavíkur þriðjudaginn 24. apríl kl. 17:00 – 18:30 2018.

### **8. Formanna- og gjaldkerafundur**

Ákveðið að vera með formanna- og gjaldkerafund þriðjudaginn 27. mars kl. 18:00 og bjóða upp á súpu.

### **9. Námskeið**

Námskeið í Nora greiðslu- og skráningarkerfi verðu haldið þriðjudaginn 20. mars kl. 17:00 fyrir stjórnendur og þjálfara. Hugað verður að námskeiði í Felix í byrjun apríl.

### **10. Önnur mál**

EH sagði frá því að búið væri að senda út reikninga og stofna greiðsluseðla í heimabanka vegna lóðarleigu á Heiðarenda 2, 4, 6 og 8 fyrir árið 2018.

Búið að senda umsókn í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ vegna námskeiðs í Nora.

EH sagði frá fundi sem hann sat í gervigrasvallarnefnd 2. mars 2018. Nefndin er sammála því að það þurfi að setja nýjan gervigrasvöll og hann yrði staðsettur fyrir aftan Reykjaneshöllina. Næsti fundur í nefndinni verður haldinn 16. mars.

Næsti fundur 22. mars kl. 18:00.

Fundi slitið kl. 19:10 Fundinn ritaði BS.

